

KIRKJUGARÐARÁÐ

37. fundur haldinn 9. janúar 2006 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings og Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru: Stefanía Ólafsdóttir sóknanevndarformaður og sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, Einar Sæmundsen landslagsarkitekt, verkefnisstjórnarnir Gunnar Bollason og Sólveig Georgsdóttir og Sigurgeir Skúlason starfsmaður Kirkjugarðaráðs.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Formaður setti fund kl. 14:10.

Þórsteinn hafði gert athugasemdir við fundargerðina og var hún samþykkt með þeim athugasemdum. Smári gerði athugasemd við fundargerð 35. fundar og var hún samþykkt að því loknu.

2. Grindavíkursókn – framkvæmdir við kirkjugarðinn á Stað

Einar Sæmundsen kynnti verkefnið. Sr. Jóna Kristín og Stefanía tóku þátt í umræðum. Undirbúningur vegna framkvæmda við gerð nýs kirkjugarðs hófst 1999.

Þá komu í ljós fornleifar á því svæði sem áætlað var sem viðbót við garðinn, þannig að ákveðið var að velja nýja kirkjugarðinum nýjan stað fjær gamla garðinum og tengja garðana saman með kirkjutorgi. Framkvæmdirnar töfðust vegna þess að taka þurfti tillit til fornleifanna og hófust framkvæmdir við nýja garðinn árið 2002. Hann er nú tilbúinn, búið er að gera hann graftækan, leggja veg, torg, hlaða vegg og reisa klukknaport.

Sóknin hefur fengið 7,4 mkr. styrk frá sveitarfélaginu til verksins og hefur sveitarfélagið einnig gefið vilyrði fyrir 2 mkr. viðbótarstyrk sem greiðist næstu tvö árin. Smári vakti athygli á að einungis eru skráðar 7 greftranir árið 2005 og hvatti til þess að kannað væri hvort sú tala væri rétt. Slíkt er nauðsynlegt til að greiða fyrir grafarkostnað ársins 2005. Með nýja kerfinu varð lækkun á greiðslum til kirkjugarðsins að Stað. Fjárhagsstaðan vegna verkefnisins nú er 8 millj. kr. skuld. Heildarkostnaður nemur um 30 mkr.

3. Kynning á skráningu minningarmarka í Kjalarnesprófastsdæmi

Gunnar Bollason kynnti það verk sem lokið var við skráninguna. Gunnar kom með vinnuhandrit um elstu minningarmörk í Kjalarnesprófastsdæmi. Gunnar fór í gegnum sögu skráningar minningarmarka á Íslandi frá því að fyrstu lög um málaflokkinn voru sett árið 1907 og þær upplýsingar sem minningarmörk geta veitt um sögu þjóðarinnar.

Gunnar nefndi að Matthías Þórðarson þjóðminjavörður hefði skráð minningarmörk á fyrstu tveimur áratugum síðustu aldar og að síðan hefði vinnan legið niðri þar til Gunnar hóf skráningu minja Hólavallagarðs árið 2000. Matthías skráði þær minjar sem hann taldi merkar og voru þær allar eldri en frá um 1820. Af þeim sökum skorti upplýsingar um alla yngri steina, en skv. nógildandi þjóðminjalögum nr. 107/2001 eru allar minjar eldri en hundrað ára fornminjar.

Gunnar lýsti skráningarkerfinu sem hann þróaði við vinnuna vegna skráningar minja í Hólavallagarði og kynnti síðan handrit sem hann vinnur að um minningarmörk í Kjalarnesprófastsdæmi.

4. Samanburður á þjóðminja- og kirkjugarðalögum

Sólveig Georgsdóttir kynnti. Að lokinni kynningu urðu umræður um efnið. Þórsteinn benti á að nú stæðu yfir breytingar á lögum um kirkjugarða, þannig að lag væri að koma leiðréttingum inn í lög.

5. Samþykkt Kirkjuráðs um stærðarviðmið og styrki til þjónustuhúsa

Guðmundur Rafn lagði erindið fram til kynningar.

6. Staðan varðandi útdeilingu á fjármagni til kirkjugarða árið 2006

Frestað til næsta fundar.

7. Bréf vegna vinnu við aðalskipulag Skagafjarðar.

Guðmundur Rafn kynnti bréf sem hann hefur ritað fyrir hönd ráðsins varðandi aðalskipulagsvinnu. Öll aðalskipulög vegna kirkjugarða koma inn á borð Kirkjugarðaráðs til umsagnar. Guðmundur Rafn óskar samþykkis ráðsins við því að svör vegna skipulagsmála séu sem mest stöðluð. Smári telur að ekki sé ástæða til að leggja aðalskipulög fyrir ráðið og að nægilegt sé að framkvæmdastjóri ráðsins svari óskum um umsögn.

Bréfið var samþykkt með smávegis lagfæringum.

8. Viðmiðunarreglur Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Huga þarf að fasteignaskatti á kirkjum og lóðaleigu. Ákveðið var að Guðmundur Rafn, Valtýr og Þórsteinn fari til Trausta, lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga, og ræði málið.

9. Næsti fundur

Næsti fundur er úthlutunarfundur. Hann verður 13. febrúar. Þurfum að byrja kl. 10:00.

10. Önnur mál

Árshátíð Biskupsstofu verður 4. febrúar n.k. í Félagsheimili Seltjarnarness.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 16:40.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari